

VERKSAMNINGUR

1. grein

Við undirritaðir: Smíðakunst ehf. kt. 660115 1290, Byggðarenda 24, 108 Reykjavík hér eftir nefndur verktaki og Eigandi Dalabyggð kt. 510694-2019, hér eftir nefndir verkkaupi gerum með okkur eftirfarandi verksamning.

2. grein

Verktaki tekur gerð syningar eins og kemur fram í tilboði. Verkið skal unnið með viðurkenndum efnum og í samræmi við góðar hefðir, gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

3. grein

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningnum:

1. Tilboð verktaka dagsett þann 22 jan 2020 sem sent var með tölvupósti þann 22 jan 2020

4. grein

Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka:

Samtals: 11,760,981 kr.

Innifalið í samningsverðinu er:

Allur efniskostnaður, kostnaður við vinnu, vélar, áhöld, vinnuástöðu, tryggingar, flutninga, förgun, o.s.frv. svo og öll þau lög- og samningsbundin gjöld sem leiða af því að hafa menn og tæki í vinnu og selja efni og vinnu þ.m.t. virðisaukaskatt.

5. grein

Eftirfarand er ekki hluti að tilboði

Akstur, uppsetning, flutningur á sýningu, vinna á verkstað.

6. grein

Verktaki getur lagt fram reikninga fyrir verkið á mánaðra fresti í kjölfar framvindufundar. Samþykki verkkaupi reikninga verða þeir greiddir innan við 10 daga frá framlagningu. Framvindufundur skal fara fram eigi síðar en 2 dögum eftir að hans er óskað

7. grein

Verktaki skal vinna þær breytingar- og/eða aukaverk sem verkkaupi óskar eftir, enda sé verktaka það mögulegt vegna annara verka sem hann kann að hafa tekið að sér. Verkkaupi skal greiða verktaka allan kostnað sem af þessum breytingar- og/eða aukaverkum leiðir. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Með breytingar- og/eða aukaverkum er átt við verkliði sem ekki eru tilgreindir í tilboði.

Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s.s. breytingar á magni, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa um þær breytingar.

Verkfundir verða haldnir eftir þörfum og/eða að óskum verkkaupa.

8. grein

Verktaki skal vera ábyrgðartryggður fyrir því tjóni sem hann eða starfsmenn hans kunna að valda verkkaupa eða öðrum meðan á verkinu stendur og getur verkkaupi óskað eftir upplýsingum um trygginguna.

9. grein

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Dalabyggð 25. febrúar 2020

Verktaki:

Verkkaupi:

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum aðila.

kt. _____

kt. _____